

Tillaga um gríðasvæði hvala – hvalaskoðunarsvæði í Faxaflóa.

Borgarstjórn Reykjavíkur skorar á ríkisstjórnina að stækka gríðasvæði hvala – hvalaskoðunarsvæði í Faxaflóa og minnir á að gríðarmiklir hagsmunir íslenskrar ferðaþjónustu eru að veði. Uppbygging hvalaskoðunarfyrtækja við Gömlu höfnina hefur styrkt og eflt fyrirtæki og mannlíf á svæðinu, þar sem þúsundir ferðamanna leggja leið sína á svæðið og njóta þar afþreyingar og þjónustu með tilheyrandi tekjuauka fyrir þjónustuaðila og Reykjavíkurborg.